



Landspítalinn
Páll Matthíasson
Hringbraut
101 Reykjavík



VELFERDARRÁÐUNEYTIÐ

Skógarhlíð 6 105 Reykjavík
sími: 545 8100 bréfasími: 551 9165
postur@vel.is velferdarraduneyti.is

Reykjavík 9. október 2017
Tilv.: VEL16050225/05.70

Efni: Erindisbréf og valdaframsal forstjóra stofnana sem heyra undir skrifstofu heilbrigðisþjónustu

Velferðarráðuneytið sendir hér með forstjóra Landspítalans erindisbréf, þar sem m.a. er tekið á breytingum sem hafa orðið á verklagi vegna laga um opinber fjármál, nr. 123/2015. Eldra erindisbréf, sé það til staðar, fellur hér með úr gildi.

Ráðuneytið vill koma á framfæri að mikilvægt er að vanda valdaframsal samkvæmt ákvæði 1. mgr. 50. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996. Ákvæðið kveður á um heimild forstöðumanna stofnana ríkisins að framselja vald til annarra stjórnenda á stofnun enda sé það gert skriflega og tilkynnt starfsmönnum stofnunar.

Framsal valds skal gert með nákvæmum hætti og leggur ráðuneytið til að það endurskoðað að minnsta kosti árlega. Mikilvægt er að sá sem framselur vald og framsalshafi skrifi báðir undir framsalið.

Hjálagt er fyrirmund að skriflegu valdaframsali sem ráðuneytið leggur til að notað sé til stuðnings við gerð yfirlýsingar um valdaframsal.

Fyrir hönd heilbrigðisráðherra


Vilborg Ingólfssdóttir


Guðlín Steinsdóttir

Fylgiskj.: Erindisbréf og fyrirmund að yfirlýsingu forstjóra um framsal valds samkvæmt 50. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996

Erindisbréf

forstjóra Landspítala, skv. 1. mgr. 38. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum, og 3. mgr. 9. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007, með síðari breytingum.

Forstjóri Landspítala er skipaður af heilbrigðisráðherra, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007, með síðari breytingum. Landspítali starfar samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007, með síðari breytingum, og í samræmi við önnur lög og stjórnvaldsfyrirmæli er varða starfsemi hans.

1. gr.

Forstjóri Landspítala er embættismaður í skilningi laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum, og fer um rétt hans og skyldur samkvæmt þeim.

2. gr.

Forstjóri Landspítala starfar í umboði heilbrigðisráðherra. Hann ber ábyrgð gagnvart ráðherra í samræmi við lög, stjórnvaldsfyrirmæli og erindisbréf þetta. Forstjóri ber ábyrgð á að starfsemi og þjónusta spítalans sé í samræmi við lög um heilbrigðisþjónustu og önnur gildandi lög, m.a. skulu samskipti við notendur heilbrigðisþjónustunnar vera í samræmi við lög um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997, með síðari breytingum. Gæta skal ákvæða stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, með síðari breytingum, og upplýsingalaga nr. 140/2012, með síðari breytingum. Starfsmannamál skulu vera í samræmi við lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum, og umsýsla fjármuna í samræmi við lög um opinber fjármál, nr. 123/2015.

3. gr.

Forstjóri ber ábyrgð á þeirri þjónustu sem spítalinn veitir og á því að rekstrarútgjöld og rekstrarrafkoma séu í samræmi við fjárlög og að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt.

Meginhlutverk forstjóra er að tryggja að á Landspítala sé veitt eins góð heilbrigðisþjónusta og framast er unnt. Hann skal vinna að því að spítalinn ræki hlutverk sitt í hvívetna hvað snertir þjónustu, kennslu og rannsóknir.

Forstjóri ræður starfslið spítalans.

Áður en forstjóri tekur mikilvægar ákvarðanir er varða þjónustu og rekstur Landspítala skal hann taka mál upp á vettvangi framkvæmdastjórnar og leita ráðgjafar og álits hennar.

Forstjóri á sæti í samráðsnefnd forstjóra heilbrigðisstofnana, sbr. 4. gr. reglugerðar um heilbrigðisumdæmi, nr. 1084/2014.

Í samræmi við ákvæði reglugerðar um heilbrigðisumdæmi, nr. 1084/2014, skal forstjóri hafa forgöngu um þróun og eflingu heilbrigðisþjónustu, til samræmis við stefnumörkun ráðherra, í samvinnu við aðila sem veita almenna og sérhæfða heilbrigðisþjónustu í heilbrigðisumdæmi höfuðborgarsvæðisins og á landinu öllu þar sem Landspítali er aðalsjúkrahús landsins, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007.

4. gr.

Helstu verkefni forstjóra Landspítala eru að:

- Hafa með höndum yfirstjórn framkvæmdastjórnar spítalans.
- Gera stjórnskipurit fyrir spítalann í samráði við framkvæmdastjórnina og leggja tillöguna fyrir heilbrigðisráðherra til staðfestingar.
- Gera árlega starfs- og fjárhagsáætlun fyrir spítalann í samráði við framkvæmdastjórn spítalans.
- Gera starfsáætlun fyrir spítalann til þriggja ára í senn í samráði við framkvæmdastjórn spítalans og

í samræmi við ákvæði laga um opinber fjármál nr. 123/2015.

- Stjórna daglegum rekstri spítalans, ráða starfsmenn og bera ábyrgð á starfsmannahaldi hennar.
- Vinna að nýjungum og breytingum í starfsemi spítalans til hagsbóta fyrir sjúklinga.
- Stuðla að gæðaprón og árangursmati í starfi spítalans.
- Vinna að samhæfingu þjónustupáttu.
- Vinna að því að spítalinn geti mætt þörfum menntastofnana um kennslu og þjálfun nema í heilbrigðisgreinum.
- Efla samstarf við aðrar heilbrigðisstofnanir.
- Vinna önnur verkefni sem heilbrigðisyfirvöld fela forstjóra.

5. gr.

Forstjóri getur framselt stjórnendum Landspítala eða öðrum starfsmönnum umsjón einstakra þáttu starfs síns. Hann getur framselt vald, sem honum er veitt samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum, til annarra stjórnenda spítalans, enda sé það gert skriflega og tilkynnt starfsmönnum.

6. gr.

Forstjóri Landspítala skal á hverju ári, í samráði við framkvæmdastjórn spítalans, móta stefnu fyrir starfsemi sína fyrir a.m.k. næstu þrjú ár. Í stefnumi skal m.a. greina frá markmiðum og almennum áherslum og hvernig þeim verði náð með tilliti til áætlaðra fjárveitinga. Gera skal grein fyrir mælikvörðum og viðmiðum sem lögð eru til grundvallar mati á árangri starfseminnar og niðurstöðum slíks mats fyrir næstliðin ár. Stefnan skal staðfest af heilbrigðisráðherra. Þess skal gætt að markmið og áherslur stofnunarinnar séu í samræmi við gildandi stefnu fyrir það málefnavið sem við á.

Í desember ár hvert skilar forstjóri heilbrigðisráðherra áætlun um starfsemi sína fyrir komandi fjárlagaár þar sem rekstur er lagaður að fjárveitingum. Í henni skal sýna ráðstöfun fjárveitinga samkvæmt fylgiriti með frumvarpi til fjárlaga og áætlaða dreifingu útgjalda og tekna innan ársins. Jafnframt skal sýna markmið starfseminnar og þá mælikvarða sem beitt er við mat á árangri. Í lok mars ár hvert skal forstjóri skila ársskýrslu spítalans til heilbrigðisráðherra sem gerir grein fyrir árangri í starfsemi stofnunarinnar undanfarið ár með samanburði við þau markmið sem birt eru í starfsáætluninni ásamt uppgjöri.

Velferðarráðuneytið heldur fund með forstjóra Landspítala ár hvert þegar spítalinn hefur skilað ársskýrslu þar sem árangur ársins á undan er ræddur og skoðaður í ljósi langtímaáætlunar spítalans.

7. gr.

Forstjóri skal senda velferðarráðuneytinu og Embætti landlæknis þær upplýsingar um rekstur eða starfsemi Landspítala sem óskað kann að verða eftir.

8. gr.

Ef útgjöld Landspítala fara fram úr fjárlagaheimildum, verkefnum spítalans er ekki sinnt sem skyldi, þjónusta hans telst óviðunandi, eða um er að ræða ástæður sem greindar eru í 2. mgr. 26. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum, getur heilbrigðisráðherra veitt forstöðumannni áminningu, skv. 21 gr. þeirra laga. Um lausn frá embætti fer skv. VI. kafla sömu laga.

9. gr.

Erindisbréf þetta gildir þar til heilbrigðisráðherra ákveður annað.

Velferðarráðuneytinu 9. október 2017


Óttarr Proppé
heilbrigðisráðherra

**Yfirlýsing forstjóra
um framsal valds samkvæmt 50. gr. laga
um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.**

Ákvæði 1. mgr. 50. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996 (stml.), heimilar forstöðumönnum stofnana ríkisins að framselja vald, sem þeim er veitt samkvæmt sömu lögum, til annarra stjórnenda á stofnun, enda sé það gert skriflega og tilkynnt starfsmönnum stofnunar.

Á grundvelli framangreindrar lagaheimildar framselur forstjóri vald til **X** (nafn og starfsheiti), samkvæmt því sem nánar greinir í yfirlýsingu þessari.

Með framsali þessu heimilar forstjóri **X** að taka endanlega ákvörðun um þær stjórnarathafnir sem nánar greinir hér á eftir. Þrátt fyrir framsalið hefur forstjóri samhliða heimild til athafna og ákvarðana um sömu stjórnarathafnir og getur afturkallað framsalið án fyrirvara, hvort sem er að hluta í einstökum málum eða að öllu leyti. **X** hefur heimild til að framselja það vald sem honum er falið með yfirlýsingu þessari til annarra yfirmanna stofnunarinnar og skal það gert skriflega og tilkynnt forstjóra og starfsmönnum stofnunarinnar.

Endanleg ákvörðun í eftirtöldum stjórnarathöfnum er framseld til **X**: (eftifarandi eru dæmi)

1. Ráðning starfsmanna annarra en embættismanna og aðstoðarmanna, svo og ákvarðanir um meðferð umsókna, svo sem um aðgang að gögnum, sbr. 15. - 17. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, og veitingu rökstuðnings fyrir ákvörðun í samræmi við 21. gr. stjórnsýslulaga.
2. Gerð ráðningarsamninga, skv. 42. gr. stml.
3. Upplýsingagjöf um starfskjör, skv. 8. gr. stml.
4. Setning erindisbréfa eða starfslýsinga, skv. 8 gr. stml.
5. Eftirlit og eftiryfigni með því að starfsmenn ræki skyldur sínar, skv. IV. kafla stml., og taka allar þær ákvarðanir sem þeir telja nauðsynlegar í því sambandi.
6. Breytingar á störfum og verksviði starfsmanna, skv. almennum stjórnunarheimildum forstöðumanns á grundvelli stml. og einnig 19. gr. stml.
7. Ákvörðun um heimild starfsmanna til að gegna aukastarfí, skv. 20. gr. stml.
8. Að veita starfsmanni færí á að tjá sig áður en til uppsagnar kemur, ef uppsögn á rætur að rekja til ástæðna sem taldar eru í 44. gr. stml., sbr. 21. gr. sömu laga.
9. Uppsögn starfsmanna og allar aðrar ákvarðanir um starfslok.
10. Rökstuðningur fyrir uppsögn og öðrum ákvörðunum í málefnum starfsmanna sem falla undir 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga.
11. Beiting heimilda, skv. ákvæðum IX. kafla stml.
12. Framsal valds sem veitt er í töluliðum **X-XX** til forstjóra í erindisbréfi.

Áréttáð skal að forstjóri er sem fyrr í fyrirsvari fyrir stofnunina gagnvart starfsmönnum, skv. 2. mgr. 51. gr. stml. og tekur ákvarðanir um réttindi og skyldur þeirra, skv. 9., 11., 13., 17., og 21. gr. stml. Tekur framangreint m.a. til almennra fyrirmæla um starf, ákvarðana um nauðsynlega yfirvinnu sem starfsmenn þurfa að vinna, eftirlit með mætingum og viðveru svo og almennra aðfinnslna og athugasemda gagnvart starfsmönnum.

Framsalið nær ekki til annarra þátta en þeirra sem tilgreindir eru í yfirlýsingu þessari. Láti forstjóri af starfi sínu fellur yfirlýsing þessi sjálfkrafa niður án sérstakrar tilkynningar.

Framsal þetta skal tilkynnt starfsmönnum stofnunarinnar, skv. 1. mgr. 50. gr. stml.

Gildistími er frá og með undirritun yfirlýsingar þessarar og þar til annað verður ákveðið.

(undirritun forstjóra)

Staður, dagsetning

(undirritun framsalshafa)